

LESA VATNIÐ

Gunnar Helgason, Iceland

Við pabbi erum undir brúnni og hann horfir upp.

Ég horfi niður

Hann les brúna.

Ég les vatnið

Hvar er djúpt, hvar er grunnt, hvar er steinn undir og hvar er fiskur.

Ég er læs.

Ég stend á unnarsteinum og rýni.

Sjórinn.

Hann er ekki auðlesinn fyrir landkrabba

Undiraldan, brimklóin, hvítfextar öldur, hvar er steinn, hvar er fiskur.

Ég er ólæs.

Eggjarklettur horfir á eins og hærugrár langafi

Vindmyllurnar sex gamlar frænkur.

Þórs höfn er kyrr.

Hagl.

Vindaský.

Passaðu þig.

Hvíslar eineygði listamaðurinn.